

Fundargerð stjórnar FÍh

10. fundur stjórnar Félags Íslenskra hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2022 – 2023 miðvikudaginn 9. mars 2022 kl. 09:00-15:00

Mættir: Ásdís M. Finnbogadóttir, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hildur Björg Sigurðardóttir og Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir.

Forföll: Gísli Níls Einarsson og Þóra Gunnarsdóttir.

Gestir: Hafdís Böðvarsdóttir, fjármálastjóri FÍh.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin samþykkt.

Til umræðu:

2. Rekstraryfirlit sjóða ársins 2021, fjárhagsáætlun 2022

Hafdís Böðvarsdóttir fjármálastjóri kynnti fyrir stjórn rekstraryfirlit sjóða fyrir árið 2021 og drög að rekstraráætlun ársins 2022.

Fyrst var rætt um starfsmenntunarsjóð. Greiðslur í sjóðinn fara hækkandi. Félagsmenn geta sótt um 240 þúsund styrk úr sjóðnum á tveggja ára tímabili en gert er ráð fyrir að umsóknum muni fara fjölgandi á árinu. Hjúkrunarfræðingar hafa lítið sótt um styrki undanfarið þar sem lítið hefur verið af ráðstefnum og öðrum viðburðum sökum Covid faraldursins. Fyrir 2022 liggur fyrir áætlun um 150 milljónir í úthlutanir.

Hvað varðar vísindasjóð er það sjóður sem fær há iðgjöld en búið er að ráðstafa helmingi þeirra yfir í starfsmenntunarsjóð. A-hluti Vísindasjóðs fær hinn helminginn en 45% af sjóðnum fer beint út til félagsmanna í febrúar ár hvert. Í Vísindasjóð fara því ávallt 95% af tekjum út strax aftur. Afgangurinn eða 5% skiptist í rekstur sjóðsins og B hluta sjóðsins. Yfir 150 milljónir hafa farið til félagsmanna í febrúar 2022. Heildartekjur sjóðsins eru tæpar 340 milljónir.

Að lokum var tekinn fyrir styrktarsjóður. Ljóst er að sjóðurinn mun ekki standa undir sér til lengri tíma ef umsóknum heldur áfram að fjölga eins og verið hefur á síðasta ári. Fyrir árið 2022 er áætlað að 150 milljónir fari í sjúkradagpeninga eingöngu en frá 2020 hefur verið 30% aukning umsókna í sjúkradagpeninga. Alls var á árinu 2021 72% aukning í heilsustyrki.

Afgreiðsla: Umræður. Gert verður ráð fyrir í fjárhagsáætlun félagsins að ef styrktarsjóður mun ekki standa undir veitingu sjúkradagpeninga eins og þörf verður á, mun samt sem áður verða tryggt fé til þess árið 2022. Stjórn þakkar fjármálastjóra fyrir góða samantekt og kynningu.

3. Aðgerðaáætlun við stefnu FÍh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030

Stjórn hefur skilað inn athugasemdamynd við aðgerðaáætlunina. Lagt er til að aðgerðaáætlunin verði tekin formlega fyrir á hjúkrunarþingi í apríl næstkomandi þar sem félagsmenn vinna úr henni í samstarfi við Attentus. Aðgerðaáætlunin er til 10 ára en lagt er til að gerð verði stefnumótun til þriggja ára, auk þess að áætlunin verði tekin upp reglulega á hjúkrunarþingi. Með því fyrirkomulagi er tækifæri fyrir félagsmenn að vinna með áætlunina og vinna að tillögum að úrbótum. Áherslan úr vinnunni þarf að taka mið af FÍh ekki einungis stefnu stjórnvalda.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að aðgerðaáætlunin verði lögð fyrir félagsmenn á hjúkrunarþingi til frekari vinnslu.

4. Hjúkrunarfræðingar og VIRK

Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri VIRK kom og kynnti starfsemi VIRK fyrir stjórn Fíh.

Fólk er almennt að koma seint inn í VIRK eftir Covid faraldurinn og heilbrigðisstarfsfólk er almennt seint að leita sér eftir þjónustu. Svipaður fjöldi fólks sem hefur leitað til VIRK árin 2019-2021.

Meðaltími notenda í þjónustu VIRK er 14,3 mánuðir.

Um 70-80% þeirra sem leita til VIRK eru að glíma við andleg vandamál og/eða andlega sjúkdóma.

Háskólamenntaðir einstaklingar sem leita til VIRK skila sér frekar aftur til vinnu.

Vigdís leggur áherslu á vefinn www.velvirk.is sem er mikilvægt tæki í forvörnum.

Hvað viðkemur hjúkrunarfræðingum hefur orðið fjölgun hjúkrunarfræðinga sem hafa sótt sér aðstoð hjá VIRK. voru 17 í þjónustu árið 2017, 42 árið 2019 og 61 árið 2021.

Tæplega 34% hjúkrunarfræðingar hjá VIRK eru á aldrinum 45-49 ára og flestir hafa verið í þjónustu í 7-12 mánuði. Rúmlega 88% hjúkrunarfræðinga útskrifast frá VIRK með einhverja vinnugetu og er það hlutfallslega hærra en hjá mörgum öðrum fagstéttum sem leita aðstoðar hjá VIRK.

Að lokum kom Vigdís inn á einkenni kulnunar sem birtast í þremur víddum:

Orkuleysi eða örmögnun, að vera andlega fjarverandi í vinnu, hafa neikvæð viðhorf eða tortryggni tengt vinnustað og minni afköst í vinnu.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn þakkar Vigdís fyrir mjög góða og fróðlega kynningu á starfsemi VIRK og verður niðurstaðan nýtt frekar inn í starfsemi félagsins.

5. Fréttir frá kjara- og réttindasviði

Kristjana E. Guðlaugsdóttir sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs, Eva Hjörtína Ólafsdóttir kjararáðgjafi og Harpa Júlía Sævarsdóttir sérfræðingur í kjaramálum komu sem gestir inn á fundinn undir þessum lið. Kristjana kynnti sig fyrir stjórn en hún er nýlega tekin við sem nýr sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs Fíh. Eitt mál er rá Fíh fyrir héraðsdómi sem varðar ólögsmæta uppsögn hjúkrunarfræðings. Ýmis önnur mál eru í gangi, líkt og starfslok og önnur mál. Einnig Covid mál þar sem hjúkrunarfræðingar smituðust við störf sín.

Umræða um stöðu hjúkrunarnema innan Fíh en hjúkrunarnemar eru ekki á ábyrgð Fíh þar sem Sameyki er þeirra stéttarfélag sem háskólanema. Þann 28. mars næstkomandi verður kynning fyrir hjúkrunarnema á Grand hótél þar sem boðið verður nenum frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.

Nokkrir stofnanasamningar hafa ekki enn verið undirritaðir en lítið eftir af þeim..

Námskeið fyrir trúnaðarmenn er framundan.

Farið var yfir áherslur í komandi kjarasamningum. Endurskoðun verður gerð á betri vinnutíma fyrir komandi kjarasamningsviðræður. Fíh mun gera kjarakönnun á haustmánuðum 2022 til að fá fram reynsluna af samningunum. Ljóst er að yfirvinna er að aukast en starfshlutfall ekki að aukast í takt við það. Erfitt að reikna til hlítar og draga ályktanir sökum áhrifa frá Covid faraldurinum og yfirvinnu tengt því.

Kjararáðstefna verður í byrjun október en kjarakönnun verður send út fyrir þann tíma. Fíh mun meðal annars vinna að sinni kröfugerð út frá því, sem og heilmsóknum til félagsmanna um landið.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn þakkar fyrir góða kynningu um kjara- og réttindamál Fíh og býður Kristjönu velkomna til starfa.

6. Orlofssjóður Fíh 2022

Lovísa A. Jónsdóttir formaður Orlofsnefndar fór yfir stöðu verkefna hjá orlofsnefnd Fíh. Verið er að skoða endurskoðun á punktakerfinu og er það mjög flókið mál. Orlofsnefnd hefur verið að kynna sér hvað önnur stéttarfélög eru að gera og liggur niðurstaðan ekki fyrir á þessum tímapunkti.

Mikil vinna hefur farið í endurskoðun á úthlutunarreglum þar sem kannaðar voru fyrirbyggjandi forsendur. Forgangssópnun er fyrir félagsmenn með 120 punkta, svo 85 og síðast 15 punkta. Fyrsti forgangshópur hafði áður viku til að bóka orlofshús en sá tími var stytur í 48 klst. árið 2021. Því hefur verið breytt þannig að núna fær hver hópur sólarhring til að bóka annars dettur viðkomandi niður í næsta forgang fyrir neðan.

Félagsmenn verða að eiga að lágmarki 15 punkta til að geta leigt orlofshús á sumrin.

Kannað var hvort hægt væri að skipta út tölvukerfi fyrir orlofssjóð sem reyndist ekki mögulegt nema að skipta því út fyrir allt félagið.

Einnig hefur verið kannað að breyta úthlutunarreglum þannig að félagsmenn sem hafa fengið úthlutun undanfarin tvö ár fá ekki úthlutað orlofshúsi.

Hvað varðar orlofshús þá hafa því miður einhverjir leiguaðilar verið að draga til baka sínar eignir í sumar með stuttum fyrirvara. Leiguverð er orðin töluvert hærra en undanfarin ár og ljóst að Fíh þarf að hækka verð á orlofshúsum til félagsmanna sökum þess.

Búið að ræða að uppfæra eignirnar sem Fíh á nú þegar. Þjónustukannanir sýna að félagsmenn vilja betri rúm, losna við þrif og einnig að fá að koma með dýr í fleiri eignir en nú er. Óánægja með félagsmanna er, samkvæmt könnuninni, mest vegna úthlutanna, bæta verði við fleiri orlofshúsum og ósk um aukinn þægindi og þjónustu, eins og t.d. að geta losnað við að þrifa húsin eftir notkun.

Talsverð aukning hefur verið í sölu flugmiða, eða samtals sala á rúmlega 400 flugmiðum frá janúar 2022. Áætlað er að Fíh muni selja um 200 flugmiða á mánuði.

Hætt hefur verið að gefa út orlofsblaðið sem sér blað en allar upplýsingar má finna á vef Fíh um alla orlofskosti félagsins.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn þakkar Lovísu fyrir greinagóðar upplýsingar.

7. Fréttir frá fagsviði

Edda Dröfn Danielsdóttir sviðsstjóri fagsviðs fór yfir helstu verkefni á fagsviði. Má þar helst nefna undirbúninginn fyrir ráðstefnuna Hjúkrun 2022, sem haldinn verður á Nordica hótél 29. og 30. mars. Í tengslum við átaksverkefni um karlmenn í hjúkrun var haldið rafrænt málþing 4. febrúar þar sem horft var á hjúkrun með mismunandi kynjagleraugum og var vel sótt. Ýmis námskeið og fræðsla er í boði á vef félagsins og góð þátttakenda félagsmanna. Fyrirhugaður er aðalfundur félagsins 12. maí næstkomandi og hjúkrunarþing, svo eitthvað sé nefnt.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn þakkar Eddu fyrir greinargóðar upplýsingar.

Til upplýsinga

8. Ráðning kynningarstjóra Fíh

Gengið hefur verið frá ráðningu á nýjum kynningarstjóra sem hefur störf 1. apríl.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn fagnar ráðningu á nýjum kynningarstjóra og þakkar Herdísu Lilju fyrir vel unnin störf fyrir Fíh og óskar henni velfarnaðar í sínum framtíðarstörfum.

9. Aðstoð Fíh við flóttafólk frá Úkraínu

Formaður leggur til að Fíh láni íbúðina í Sóltúni til flóttamanna frá Úkraínu. Íbúðin verði skráð hjá ráðuneytinu og Fíh muni leggja til það sem fjölskyldu kynni að vanta líkt og sængurföt og fleira.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að leggja til íbúð félagsins að Sóltúni í Reykjavík til flóttamanna frá Úkraínu.

Önnur mál

10. Samfélagsmiðlar

Í kjölfar neikvæðrar orðræðu hjúkrunarfræðinga á samfélagsmiðlum ræddi stjórn ásýnd Fíh og formanns á samfélagsmiðlum.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn hefur áhyggjur af þróun umræðu á samfélagsmiðlum. Stjórn fagnar ráðningu nýs kynningarstjóra sem mun starfa m.a. að úrbótum í þessum málum af hálfu félagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:00þ

Næsti fundur stjórnar Fíh er áætlaður þann 13. apríl 2022

Guðný Birna Guðmundsdóttir ritari stjórnar Fíh.